

## Hreiðurgerð og makaval hornsíla í Þingvallavatni

Herdís Unnur Valsdóttir, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir og Sigurður S. Snorrason,  
Líffræðistofnun Háskóla Íslands. huv1@hi.is

Hornsíli eru afskaplega fjölbreytilegir fiskar. Mismunandi afbrigði síla finnast víða, oft innan sama vatns eða vatnakerfis. Rannsóknir á afbrigðum hornsíla í Þingvallavatni hafa sýnt að sílin kjósa að makast við einstaklinga af sama afbrigði. Enn fremur er ljóst að hreiðurgerð hænga er talsvert breytileg og vísbendingar eru um að hængar frá hraunsvæði í norðurenda vatnsins eyða minni orku í hreiðurgerð en hængar frá hefðbundnum búsvæðum. Ekki er þó ljóst hvort eða hvaða áhrif þessi munur hefur á æxlunarlega einangrun á milli sílanna. Sumarið 2005 voru veidd hornsíli af þremur mismunandi búsvæðum í Þingvallavatni 1) Vatnskot - Hraunsvæði í norðurenda vatnsins 2) Langitangi - Grunn vík við austurströnd vatnsins og 3) Nitellu svæði utan við Mjóanes. Tveimur hængum var komið fyrir í 300 lítra búi aðskildum með glerskilrúmi. Eftir að hængarnir höfðu byggt hreiður var hrygnu komið fyrir í skilrúminu og atferli fiskanna skrásett. Einni hrygnu var gefinn kostur á að meta hængana án skilrúms og mögulega hrygna. Eftir að atferlistilraunum lauk var svipfar bæði hænga og hrygna mælt, hreiðurgerð og litur hænga skráð. Reynt er að svara eftirfarandi spurningum.

1. Er munur á hreiðurgerð hænga innan vatnsins?
2. Velja hrygnur sér maka út frá gerð hreiðurs?